

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðin að senda tölvupóst á

vigfus@hafnarfjordur.is.

Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610



Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 16. TBL.

16. JANÚAR 2009

Námskeiðabæklingur vorannar 2009 væntanlegur

Námskeiðahald Skólaskrifstofu fyrir kennara á vorönn 2009 er í loka-vinnslu. Nýr bæklingur með námskeiðstilboðum verður sendur í tölvupósti til kennara líkt og áður. Námskeiðin hefjast í febrúar og standa fram undir páska. Nú eru milli 10 og 15 ný námskeið í farvatninu en fjöldinn verður ekki ljóst fyrr en í næstu viku.

Námskeiðin á vorönn tengjast sömu þemum og á haustönn. Þemur eru lestur og læsi, verk- og listgreinar og nemendur með sérþarfir auk námskeiðahaldsins á vegum PMT.

Ef einhver námskeið byrja snemma í febrúar og það dregst að ljúka gerð

Frá tölvunámskeiði á haustönn.

bæklings verða þau kynnt sér-staklega og þá á undan öðrum námskeiðum.

Námskeiðahald Skólaskrifstofu mun halda óbreyttri stefnu á vorönn. Undirbúningur er hafinn fyrir námskeiðahaldið næsta skólaár. Fjármagn til námskeiðahalds Skólaskrif-

stofu kemur frá endurmenntunarsjóði grunnskóla en ekkert er vitað hvernig verður með úthlutanir úr honum næsta skólaár, þ.e. skólaárið 2009-2010. Það verður ekki ljóst fyrr en í vor.

Munið að skrá ykkur tímanlega á námskeið.



Styrkt þróunarverkefni í grunnskólum

Fjögur þróunarverkefni í grunnskólum Hafnarfjarðar hafa hlotið styrki í vetur. Tvo hafa hlotið styrki frá Skólaskrifstofunni og tvö frá þróunarsjóði grunnskóla.

Áslandsskóli: Fær kr. 500 þúsund til að próa nýja lífsleiknikennslu í 9. bekk í samstarfi við HR og tvo aðra grunnskóla. Styrkurinn er veittur úr Þróunarsjóði Skóla-

skrifstofu Hafnarfjarðar.

Hraunvallaskóli: Fær kr. 400 þúsund í framhaldsstyrk til verkefnisins **Samþætt starf leik- og grunnskóla**. Styrkurinn kemur úr þróunarsjóði grunnskóla.

Hraunvallaskóli: Fær kr. 500 þúsund til að efla tölvu-notkun hjá fötluðum nemendum í skólanum í samstarfi við Tölvumiðstöð fatlaðra. Styrkveitandi er Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar.

Víðistaðaskóli: Fær kr. 900 þúsund í styrk í vetur úr þróunarsjóði grunnskóla. Verkefni skólans nefnist **Breytt og bætt námsmat**.



Börn í Áslandsskóla.



FRÉTTIR

úr stjórn- kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 12. janúar
173. fundur:

- Umsókn Jafnréttishúss um styrk til þrjónanámskeiðs fyrir konur af erlendum uppruna var hafnað.
- Lögð var fram reglugerð um skólaráð grunnskóla.
- Kynntar voru niðurstöður úr samræmdum prófum í 4. og 7. bekk grunnskólanna í Hafnarfirði haustið 2008.
- Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu sem sviðsstjóra var falið að útfæra: „Fræðsluráð beinir því til fræðslusviðs að við gerð skóladagatala fyrir skólaárið 2009 - 2010 verði eftirfarandi haft að leiðarljósi: a) Velji grunnskólar að hafa vetrarfrí skulu allir hafa það á sama tíma. b) Starfsdagar í leik- og grunnskólum verði samræmdir nú þegar þeir verða jafnmargir á báðum skólastigum á starfstíma skóla frá og með næsta skólaári.“
- Lögð var fram nýsamþykkt fjárhagsáætlun fyrir fræðslusviðið árið 2009.
- Lagt fram skjal frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um skilgreiningar á grunnþjónustu sveitarfélaga á Íslandi.

Tilkynning vikunnar

Verið undirbúin að skrá ykkur á námskeiðin á vorönn um leið og námskeiðsbæklingur kemur út.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
23. janúar 2009

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Frá Námsgagnastofnun: Vefnum **Málbjörg** hefur verið skipt upp á tvo vefi, **Málbjörgu** og **Mályrkjuvefinn**. Þeir eru tengdir móðurmálskenndu á elsta stigi (unglingar). **Græni blýanturinn** er nýtt kennslufni í ritun fyrir yngsta stig sem nýkomið er út. Fyrir efnið eru líka komnar út kennsluleiðbeiningar. Komin er út kennarabók fyrir **Sprota 1** en nemendaefnið kom út fyrir jóla. 13 myndaspjöld við bókina **Skrýttinn dagur hjá Gunnari** eru komin út en þau eru til að örva munnlega og skriflega tjáningu. Þá er komin út ný kennslubók í trúarbragðafræði á miðstigi: **Islam - að lúta vilja Guðs**.

» Skilafrestur á boðskorts- samkeppni 6. bekkinga fyrir lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar er til næstu mánaðarmóta á Skólaskrifstofuna.



Hluti stúlkna í Kór Áslands- skóla á Syngjandi jólam á aðventu 2008.

Vefir sem miðla friforritum

Það eru fjölmargir vefir sem miðla sérstaklega fríum og/eða opnum hugbúnaði. Þetta eru safnvefir og eru því ekki tengdir einum framleiðanda. Skipta má þessum vefum í nokkra flokka:

1. eru vefir sem kynna eitt nýtt forrit á dag. Dæmi um slíkan vef er [Free download á dag](#). Tveir aðrir vefir kynna eitt forrit á dag en aðeins er þó hægt að nálgast í forritið í einn sólarhring. Eftir sólarhring tekur nýtt forrit við og það eldra hættir að vera frítt. Þetta eru vefirnir [Give away of the day](#)

og [Game giveaway of the day](#).

2. Aðrir miðlunarvefir hugbúnaðar eru almennir, t.d. [Download.com](#), [Free worldwide world](#) sem segist hafa 36.642 frí forrit til að bjóða og [PC world](#) en þar eru þó aðeins sum forrit frí.

3. Í þriðja lagi eru vefir sem eingöngu miðla ákveðnum tegundum hugbúnaðar. Dæmi um síka vefi eru [As-sist IT](#) sem er með margs konar hugbúnað fyrir börn með sérþarfir, [Photo Free-ware](#) sem eingöngu miðlar hugbúnaði sem tengist ljós-

myndavinnslu.

4. Loks eru vefir sem eru enn sérhæfðari og miðla fáum forritum, t.d. [Bitnami](#) og [Wugnet](#) sem sérhæfir sig í hugbúnaði fyrir windows tölvur. Sömuleiðis geta einstaklingar verið með skemmtilega vefi sem visa á hugbúnaði. Dæmi um slíkt er hönnuðurinn [Emma Alwares](#) sem vísar á 50 bestu friforritin fyrir hönnun og forritun að hennar mati.

Listann yfir miðlunarvefi friforrita er að finna á vef **Samtaka áhugafólks um skólaþróun**.

VEFSLÓÐ: <http://www.skolathroun.is/?pageid=48>

Kennsluforritin hans Hrafnkels

Hrafnkell Gíslason er kennari í Engjaskóla í Reykjavík. Hann hefur verið duglegur að útbúa kennsluforrit sem henta nemendum í grunnskóla, sérstaklega yngstu nemendum. Öll þessi forrit standa kennurum og skólum til boða að nota frítt. Forritin er hægt að nálgast á vef Engjaskóla, þ.e. eldri vef skólans (sjá slóð hér neðar).

VEFSLÓÐ: <http://engjaskoli.is/gamla/kennsluforrit.htm>

Forritin sem Hrafnkell býður upp á eru ýmis veftæk eða þeim verður að hlaða inn á viðkomandi tölvu.

Kennsluforrit Hrafnkels eru skemmtileg og nýttast vel í skólastarfi. Þau eru jafnframt fræðandi og hvetjandi fyrir nemendum.



Vefhornið